

## 76. fundur í Safna- og menningamálanefnd

var haldinn í Ráðhúsinu mánudaginn 16. ágúst 2010 kl. 18:00. Mætt voru: Dagbjört Höskuldsdóttir, formaður, Árni Valgeirsson, Elísabet Björgvinsdóttir, Ólafur S. Ottósson og Símon Már Sturluson. Ennfremur sátu fund nefndarinnar þau Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri, Ragnheiður Óladóttir, forstöðumaður Amtbókasafnsins og Lárus Ástmar Hannesson, forseti Bæjarstjórnar.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Val á fundarritara
2. Skýrsla bókavarðar um Amtbókasafnið
3. Staða á vinnu við Ljósmyndasafnið
4. Menningarhátíð að vetri
5. Önnur mál.

Formaður setti fundinn kl. 18:05 og gerði að tillögu sinni að Ólafur S. Ottósson yrði ritari nefndarinnar og var það samþykkt athugasemdalaust.

Ragnheiður Óladóttir flutti ýtarlega skýrslu um útlán og umsvif Amtbókasafnsins og kom þar m.a. fram að talsverð aukning hefur orðið í útlánum m.v. fyrra ár bæði á bókum og tímaritum en einkum þó á mynddiskum en á þeim er stöðug útlánaaukning milli mánaða. Hefur aukning útlána verið 30% á árunum 2007,2008 og 2009. Á árinu 2010 hafa útlán staðið í stað. Ragnheiður segir bókasafnið greinilega skipa ákveðinn sess í huga bæjarbúa og æ algengara sé að fólk komi, setjist niður, lesi bækur og blöð og fái sér kaffisopa. Oft séu fjörugar umræður í setkróknum og vonandi væri að þessi þróun héldi áfram.

Tekjur safnsins eru svipaðar á árinu og þær voru næstu ár á undan, árgjaldið var hækkað úr 1200 krónum í 1500 krónur en árgjöldin eru sem fyrr aðeins lítill hluti heildartekna safnsins.

Nokkrir viðburðir eru fyrirhugaðir í safninu á haustmánuðum eins og efnt hefur við til undanfarin ár og verða þeir tilkynntir þegar nær dregur.

Eftir nokkrar umræður og fyrirspurnir sem Ragnheiður leysti úr var næsta mál tekið á dagskrá.

Dagbjört Höskuldsdóttir gerði grein fyrir þeirri vinnu sem staðið hefur yfir unanfarin misseri við að skrásetja og skipuleggja Ljósmyndasafn Stykkishólms og byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla. Unnið var að mestu í samræmi við saming við Sigurlínu Sigurbjörnsdóttur um skráningu á myndum úr safni Jóhanns Rafnssonar en þeirri vinnu lauk í janúar s.l. Annar svipaður samningur var síðan gerður í vor og áætlað að ljúka vinnu samkvæmt honum nú í haust. Þá er eftir skráning á safni Árna Helgasonar, sem er að vísu nokkuð annars eðlis enda þar um filmusafn að ræða og mjög góð reiða er á því safni. Hefur Árni nánast alltaf skrifað tökudagsetningar á filmurnar og aftast líka hvaðan myndefnið er fengið. Eitthvert fé mun vera til reiðu til þess að greiða fyrir skráningu þessa myndefnis en Árni gaf á sínum tíma upplagið á bókinni sinni Gleðispor til þess að standa straum af kostnaði við þá vinnu. Þegar er lokið við að færa hluta myndanna á mynddiska og er það efni aðgengilegt á vef Ljósmyndasafnsins. Mikið verk er þó enn óunnið við myndasafnið.

Yfirliti Dagbjartar fylgdi síðan bréf eða minnisblað frá Sigurlínu Sigurbjörnsdóttir dags. 20/1 2010 þar sem hún gerir nánari grein fyrir vinnu sinni.

Nokkrar mumræður urðu um málefni myndasafnsins svo sem eins og hvort ekki væri gagnlegt að afla bókasafninu fullkomnari myndskanna til þess að starfsmenn safnsins gætu unnið við skönnun og skráningu þegar tími vinnst til á opnunartíma safnsins. Ennfremur kom fram að e.t.v. mætti útvega aðgang að fullkomnum skanna bæjarskrifstofunnar til þessara nota.

Á fundi Bæjarráðs þann 5. ágúst s.l. var samþykkt tillaga frá þeim Lárusi Ástmari Hannessyni og Davíð Sveinssyni um að fela Safna- og menningarmálanefnd að hafa forgöngu um undirbúning og skipulagningu menningarhátíðar í bænum á haustmánuðum þessa árs.

Lárus Ástmar Hannesson ræddi hugmyndirnar sem að baki þessari tillögu liggja og greindi frá ýmsum atburðum sem þeir upphafsmenn hennar hafa velt upp og rætt. Telja þeir að tímasetning í námunda við októberlok eða nóvemberbyrjun henti vel og að hátíðin tæki þá nokkra daga, þó ekki of marga í byrjun a.m.k. t.d. frá fimmtudegi til sunnudags hugsanlega með dansleikjum á föstudagskvöldinu fyrir yngra fól og á laugardagkvöldinu fyrir þá eldri.

Bæjarráð ákvað með samþykkt sinni að fela Safna- og menningarmálanefnd að halda utan um áframhaldandi vinnu við undirbúning slíks viðburðar, sem gæti síðan orðið fastur liður í bæjarlífinu.

Miklar umræður urðu í nefndinni um þetta mál og undirtektir nefndarmanna mjög jákvæðar. Rætt var t.d. um að ráða tímabundið sérstakan umsjónarmann sem hefði yfirumsjón með skipulagningu hátíðarinnar og samræmingu á tímasetningu viðburða. Einnig var rætt um að kynna hugmyndina um Menningarhátíð vel fyrir öllum bæjarbúum t.d. með almennum fundi og svo að sjálfsögðu í Stykkishólmspóstinum. Leita þar eftir tillögum um atriði og viðburði sem áhugavert væri að hafa á fjölbreyttri dagskrá hátíðarinnar.

Loks var skipaður þriggja manna starfshópur til þess að flytja málið áfram og eru í honum þau Dagbjört Höskuldsdóttir, Elísabet Björgvinsdóttir og Lárus Á. Hannesson.

Í fundarlok tilkynnti formaður að hún hefði hug á því að fundir nefndarinnar yrðu haldnir á mánuðögum einu sinni í mánuði að jafnaði og að fundartíminn verði frá kl. 17:15 og fram eftir eins og þarf.

Næsti fundur var ekki ákveðinn en verður boðaður með dagskrá.

Ákveðið var að fundargerð verði lögð fram til samþykktar á næsta fundi nefndarinnar en verði send nefndarmönnum í tölvupósti áður.

Fleira var ekki gert og fundi slitið laust fyrir kl. 20:00.

Ritari.